

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr 286

nóvember 2014



Nóvember 2014. Blað nr. 286
THE LION IN ICELANDIC
Fjöllumdæmi 109
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málgagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:
FJÖLUMDÆMI 109. Tímariðið Lion kemur út sex sinnum á ári.

Lionsskrifstofan, Sóltúni 20, 105 Reykjavík er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 15.00
Sími: 561 3122
Fax: 561 5122
e-mail / netfang: lions@lions.is
Heimasíða Lions: lions.is
Skrifstofustjóri: Sigríður Þorvaldsdóttir Kvaran



**FJÖLUMDÆMISRÁÐ
FJÖLUMDÆMIS 109
Starfsárið 2014 – 2015**

Fjöllumdæmisstjóri: Tryggvi Kristjánsson Lkl. Dalvíkur.
Umdæmisstjóri 109A: Einar Þórðarson, Lkl. Fjörgyn.
Umdæmisstjóri 109B: Ingimundur G. Andrússon, Lkl. Patreksfjarðar.
Fjöllumdæmisritari: Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Emblu.
Fjöllumdæmisgjaldkeri: Guðmundur Oddgeirsson, Lkl. Þorlákshafnar

Fráfarandi fjöllumdæmisstjóri: Benjamín Jósefsson, Lkl. Akraness.
Vara fjöllumdæmisstjóri: Guðmundur Helgi Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn
Protokol- og þingstjóri og NSR Coordinator: Kristinn Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar.
Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar Friðriksson, Lkl. Hængur.
Kynningarstjóri: Benjamín Jósefsson, Lkl. Akraness.
Umhverfisstjóri: Kristófer A. Tómasson, Lkl. Geysi
Ritstjóri Lion: Þorkell Cýrusson, Lkl. Búðardals.
Netstjóri: Skúli Guðmundur Ingvarsson, Lkl. Borgarness.
GLT stjóri (menntun og leiðtogaþjálfun): Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbirni.
GMT stjóri: (útbreiðsl og fjölgun): Guðrún Helga Össurardóttir, Lkl. Seylu.
NSR-AU nefndarmaður: Hrunn Hjaltdóttir, Lkl. Fold.
Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni Þorsteinsson fyrrv. alþjóðastjórnarmaður, Lkl. Mosfellsbæjar.
Hjálparstjóri: Guðjón Jónsson, Lkl. Seltjarnarness.
Unglingaskiptastjóri: Pálmi Hannesson, Lkl. Garði.
LCIF stjóri, fyrrv. alþjóðastjórnarmaður og ráðgjafi alþjóðaforseta: Guðrún Björt Yngvadóttir Lkl. Eik.
MedicAlert stjóri: Lúðvík Andreasson, Lkl. Tý.
Menningarstjóri: Gerður Jónsdóttir, Lkl. Ylfa.
Formaður Kjaransordunefndar: Daniel Þórarinnsson, Lkl. Nirði.
Laganefnd (form.): Kristinn Kristjánsson, Lkl. Hveragerði
Lions Quest stjóri: Magnús J. Magnússon, Lkl. Selfoss.
Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.
Skoðunarmaður (aðal): Halldóra J. Ingibergsdóttir, Lkl. Eik.



Fjöllumdæmisstjóri ásamt umdæmisstjórum.

Varaumdæmisstjóri 109A: Jón Pálmason, Lkl. Víðarri.
Varaumdæmisstjóri 109B: Stefán Árnason, Lkl. Vitaðsgjafi.
Varaumdæmisstjóri (annar) 109A: Gunnar Vilbergsson, Lkl. Grindavíkur.
Varaumdæmisstjóri (annar) 109B: Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl. Rán,

N.S. Sankar,
A.D. Don Shove,
Kembra L. Smith
Dr. Joong -Ho Son
Linda L. Tincher

**Framkvæmdastjórn
Lionshreyfingarinnar 2014 – 2015:**
International President: Joseph Preston USA
Immediate Past President: Barry J. Palmer Ástralía
First Vice President: Dr. Jitsuhiro Yamada Japan
Second Vice President: Bob Corlew USA

First Year Directors:
Svein Øystein Berntsen,
Jorge Andrés Bortolozzi,
Eric R. Carter
Charlie Chan,
Jack Epperson,
Edward Farrington,
Karla N. Harris
Robert S. Littlefield, Ph.D.
Ratnaswamy Murugan,
Yoshinori Nishikawa,
George Th. Papas,
Jouko Ruissalo,

Second Year Directors
Fábio de Almeida,
Lawrence A. „Larry“ Dicus
Roberto Fresia
Alexis Vincent Gomés
Chynthia B. Gregg,
Byung-Gi Kim
Ester LaMothe
Yves Léveillé
Teresa Mann
Raju V. Manwani
William A. McKinney
Michael Edward Molenda
John Pettis, Jr.
Robert Rettby,
Emine Oya Sebük
Hidenori Shimizu
Dr. Steven Tremaroli

Upplag: 2400 eintök
Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.
Forsíðumynd: Jón Pálmason/frá athöfn vegna WSD dags í Hringisal Landspítlans við Hringbraut.

Ritstjórnargrein

Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er annað blað starfsársins komið út. Vinna við blaðið hefur gengið ágætlega en að þessu sinni er mikið efni tengt World Sight (WSD) degi lionshreyfingar sem að þessu sinni var haldinn á Íslandi. Það hefur verið að mörgu að hyggja við útgáfu þessa blaðs og hafa margir komið að því að þessu sinni. Ég held að það sé á engan hallað þegar ég nefni sérstaklega Jón Pálmason vara umdæmisstjóra í umdæmi 109A en án hans aðstoðar þá hefði líklega ekki verið hægt að koma þessu blaði út í þeirri mynd sem það er nú.

Ritstjórnargreinin að þessu sinni verður ekki mjög löng þar sem efni í blaðinu er mikið og ég vona að allt það efni sem barst inn hafi komist í blaðið en ef einhverjir sakna sinna greina í blaðinu að þessu sinni þá koma þær í næsta blaði. Það er nú einu sinni svo að mér er gert að hafa blaðið í ákveðinni lengd og ef efni er meira en það þá verður það að bíða til næsta blaðs. Skyldugreinar svo kallaðar verða alltaf að vera í blaðinu um það hef ég ekki val. Þegar þetta er skrifað þá er ekki vitað hvort allt efnið hafi komist að.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim fjöldamörgu sem sendu greinar í blaðið og ég vona svo sannarlega að á því verði framhald í næstu blöðum.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með kveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Afmælisóskir

Pistill frá Alþjóðaforseta

Joseph Preston

alþjóðaforseti



Manst þú eftir í barnæskunni hvað háar tölur voru áhugaverðar? Heil milljón var stórkostleg. En vissir þú að bæði Grikkir og Rómverjar til forna áttu enga tölu sem jafngilti milljón. Hvað átti svo sem að felast í svo miklu magni. Við Lionsfélagar vitum samt sem áður að sérhver þjónusta okkar og góðmennska getur skipt sköpum í heiminum. Við vitum að þjónusta hefur margföldunaráhrif, sagði flugkonan fræga Amalía Earhart. Ekkert

góðverk hættir eftir að það hefur verið framkvæmt. Eitt góðverk leiðir til annars, til dæmis dreifir einstakt góðverk rötum í allar áttir og af rötunum spretta ný tré. Svo, hversu miklu breytum við í veröldinni með því að leggja eitt hundrað milljón fólks lið? Við komumst í raun um það árið 2017. Á aldarafmælinu höldum við ekki eingöngu uppá sögu okkar, við margföldum líka afköstin. Já, við höldum mikla veislu og borðum eitthvað af kökum, en við setjum okkur líka háleit markmið: Við leggjum hundrað milljónum fólks lið. Ég bið alla klúbba að taka þátt í þeirri áskorun. Þetta rímar vel við okkar hnattrænu þjónustuverkefni: Vinna unglíngastarf í ágúst, sjónverndarstarf í október, baráttu gegn hungri í desember og janúar og að endingu verndun umhverfisins í apríl. Svo áskorunin er að hjálpa 25 milljónum barna og unglínga, veita 25 milljónum sýn, gefa 25 milljónum mat og aðstoða 25 milljónir í gegnum umhverfisverkefni. Klúbburinn þinn getur hjálpað okkur að ná þessu markmiði með sínum þjónustustörfum og senda skýrslu um þau til Alþjóðasamtakanna. Við veitum klúbbum og umdæmum viðurkenningu með fánamerkjum. Framlög til Alþjóða Hjálparsjóðsins sem eru eyrnamerkt sjónvernd, unglíngastarfi, baráttu gegn mislingum og aðstoð vegna hamfara eru



einnig gild til viðurkenninga. Á aldarafmælinu verða þjónustustörfin yfirgnæfandi, en við viljum biðja félagana einnig að muna eftir og halda uppá uppruna sinn. Afmælin eru dagar þar sem við lítum um öxl og rifjum upp fortíðina og horfum svo fram á við eftir meiri vexti og árangri. Við skulum nú kveikja á kertunum í skammdeginu og þegar við svo slökkvum á þeim á aldarafmælinu árið 2017 á Alþjóðafinginu í Chicago, þá er ég ekki í vafa um að afmælisóskir okkar um betri veröld hafa ræst.

Pýðing: Geir Hauksson

Ágætu lesendur

Ingimundur G. Andrésson

Umdæmisstjóri 109 B



Nú er alþjóðlegi sjónverndardagurinn að baki, þessi dagur verður lengi í minnum þeirra sem lögðu nótt við dag svo hann mætti takast sem best. Við afhendingu tækjanna á Landsspítalanum var húsfyllir, í ráðhúsið á sýninguna komu um 3000 gestir, segja má að allir Lionsfélagar á Íslandi hafi komið þar rétt rúmlega einu sinni.

Sýningin í ráðhúsi Reykjavíkur var áhugaverð fyrir alla þá sem vildu kynna sér hvað Lionsfólk um land allt er að gera, þarna voru margir klúbbar að kynna sitt starf og að öllum öðrum ólöstuðum var Lkl Húsavíkur með mjög athyglivert stórverkefni sem nauðsynlegt er að Lionsshreyfingin í heild tæki upp á sína arma. Ristilspeglunarverkefni þeirra er mikið verk og þarft. Heimsókn

alþjóðaforseta Lions Joe Preston og konu hans Joni af tilefni þess að alþjóða sjónverndardagurinn var haldinn hér á landi, er okkur Íslendingum mikill heiður. Meðan hann dvaldi á Íslandi var nokkuð stíf dagskrá og margir staðir heimsóttir.

Margir lögðu hönd á plóg, svo dvölin mætti verða þeim hjónum ánægjuleg og fræðandi.

Að lokum færi ég nefndinni sem sá um þetta stórverkefni mínar bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Skilafrestur á efni í næsta blað er 27. nóvember

Lions í eitthundrað ár - Hátíðin er hafin

Eftir Jay Copp

Í Chicago Tribune 8. júní 1917 voru margar stórfrettir. Einn merkisatburður fór þó fram hjá blaðinu - þótt ekki væri við það að sakast. Daginn áður eða hinn 7. júní, boðaði kaup-sýslumaðurinn Melvin Jones frá Chicago fulltrúa 27 klúbba víða að í Bandaríkjunum, til fundar á Hótel LaSalle í Chicago aðeins fáeinum húsalengdum frá fréttastofu blaðsins. Hugmyndin var að stofna ný samtök þjónustu-klúbba.

Efnt var til leynilegra kosninga um nafn fyrir samtökin. Melvin Jones klókur að vanda, hafði rekið áróður fyrir sinni tillögu í fatahenginu fyrir fundinn. Niðurstaðan var sú að hún var samþykkt; the Association of Lions Clubs eða Samtök Lionsklúbba. Sú framtíðarsýn sem hann hafði fyrir samtökin varð líka ofan á. Áður höfðu félagar í þessum klúbbum komið saman eingöngu til þess að borða og treysta viðskiptasamböndin sín á milli en Melvin Jones vildi breyta því; enga sjálfþjónustu heldur eingöngu þjónustu fyrir samfélagið.

Næstu þrjú árin eiga Lionsfélagar eftir að heyra mikið um Melvin Jones, sögu Lionshreyfingarinnar og ótrúlegan vöxt hennar. Afmælishátíðinni var hleypt af stokkunum á 97. alþjóðþingi Lions í Toronto í júlí sl. og er þess vegna formlega hafin.

Eins og er við hæfi á hundrað ára afmæli er lögð áhersla á töluna 100; takmarkið er að liðsinna 100 milljón manns, þ.e. að bæta sjón 25 milljón manns, seðja hungur 25 milljóna, hjálpa 25 milljónum ungmenna að mennta sig og bæta hag 25 milljóna með gróður-setningu trjáa og öðrum umhverfisverkefnum. Nú höldum við afmælishátíð og þetta verður ekkert mál - eða er ekki svo?

En bíðum hæg. Í ársskýrslum klúbba kemur fram að árlega leggi Lions 8 milljón manns lið. Þannig að 100 milljóna takmarkið verður mikil áskorun. Til þess að ná þessu



takmarki þarf sérstakt átak til viðbótar við föstu verkefni sem eru; æskulýðsmál, hungur, sjónvernd og umhverfismál.

Þema hundrað ára afmælishátíðarinnar er "Þar sem þörfin er, þar er Lions". Tilefnið er miklu stærra en aðeins að fagna áfanga eða einblína á þjónustuverkefni. Leiðtogar hreyfingarinnar gera ráð fyrir að þessi þriggja ára hátíðarhöld hleypi nýju lífi í starfið, laði að nýja félagi, ný þjónustuverkefni, veki athygli á Lions og móti sýn til framtíðar. Á næsta ári kynnum við svo fjölgunarátak í tilefni aldarafmælisins.

LCI hefur unnið að því að raða saman heildarmynd af starfinu til þess að fullvíst sé að markmiðin náist og að sérhver klúbbur og félagi geti tekið þátt í hátíðarhöldunum. Sérstök afmælisvefsíða hefur verið opnuð (á lionsclubs.org) auk þess sem hátíðin verður kynnt í samfélagsmiðlum.

Hinn almenni Lionsfélagi gerir sér senni-

lega ekki að fullu grein fyrir umfangi alls þess sem hreyfingin hefur lagt til samfélagsins. Afmælishátíðin á eftir að breyta því. Í undirbúningi eru ýmsar sjónrænar upplýsingar og annars konar fróðleikur sem hægt verður að nálgast og er þess vegna kjörið fyrir Lionsklúbbana að nýta tækifærið og kynna sig í samfélaginu.

Lionsfélagar, nú komum við okkur í hátíðarskap og höldum því þar til afmælishátíðinni lýkur með glenski og gamni á alþjóðþinginu 2017 í Chicago þar sem þetta allt byrjaði. Öskrin sem eiga eftir að heyrast þaðan þá vikuna verða ekki úr Dýrargarðinum í Lincoln Park.

Þýðing: Edda Briem

Opið hús í Lionsheimilinu

Í hádeginu, föstudaginn 3. október s.l., var Opið hús í Lionsheimilinu. Í kringum 30 manns kíktu við og gæddu sér á nýbökudum kleinum og kaffi/te. Þarna voru Lionsfélagar alls staðar að og var glatt á hjalla. Þarna hittust gamlir félagar og rifjuðu upp gömlu góðu dagana. Rætt var um daginn og veginn og spáð í framtíðina. Allir voru sammála um

að þessi hádegisstund hefði verið létt og skemmtileg. Upp kom sú hugmynd að á næsta opna húsi verði boðið upp á súpu og brauð. Tveir sjálfbóðaliðar voru strax tilbúnir að sjá um súpuna. Þá er bara að fara að hlakka til og mæta á næsta opna hús með súpu sem kostar 500 kr. Kleinur og kaffi/te er frítt.

Ef þið eruð í Reykjavík föstudaginn 5. nóvember og eða 7. desember þá endilega komið við í Lionsheimilinu í hádeginu (milli 12:00-13:00) og fáið kaffi og kleinur. Mjög líklega verður súpa og brauð í boði. Ekki verra að hafa með sér 500 kr. Takið með ykkur gesti.

Einar Þórðarson, Lkl. Fjörgyn

Hvað er ON?

Gerður Jónsdóttir

menningarstjóri MD 109



Steina Kristín Ingólfssdóttir, meðlimur í Orkester Norden, spilaði á kynningardegi LIONS í Ráðhúsi Reykjavíkur 14. október sl.

Orkester Norden er sumar sinfóníu-hljómsveit sem í eru 70 – 100 ungir tónlistarnemendur frá Íslandi, Danmörk, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð, Eistlandi, Lettlandi og Litháen. Hljómsveitin var stofnuð 1993 og þá var Esa-Pekka Salonen listrænn stjórnandi hennar. Hljómsveitin var staðsett í Svíþjóð fyrstu 15 árin en 2008 flutti sveitin sig um set til Kristjánssand í Noregi þar sem Rolf Gupta var við stjórn.

Núna er sveitin til húsa í Álaborg í Danmörku og verður þar til 2018.

Í janúar á hverju ári er valið í sveitina sem spilar saman þrjár vikur á sumrin. Umsóknir um þátttöku í sveitinni koma frá öllum löndunum. Mörgum tekst að vera í sveitinni nokkur ár en þegar tónlistarfólkið nær 25 ára aldri verður það að yfirgefa Orkester Norden –nýtt fólk þarf að komast að.

Orkester Norden hefur haldið tónleika víða á Norðurlöndunum sem og í öðrum Evrópulöndum og Kína.

Það má með sanni segja að Orkester

Norden sé góður grunnur fyrir tónlistarfólk framtíðarinnar.

LIONS á Íslandi hefur verið stuðningsaðili ON ásamt Lions á Norðurlöndunum. Ýmsar aðrar stofnanir styrkja sveitina s.s. norræna ráðherranefndin. Það er því mikilvægt að allt lionsfólk sameinist um að standa við þær skuldbindingar sem það hefur tekið að sér.

Frekari kynning á sveitinni má finna á <http://www.orkesternorden.com>

LCIF breytir lífi fólks

Eftir Eric Marguels

Skólakrakkar í hinu afskekktu þorpi, Kyon í Burkina Faso þurfa að troðast inn í lítinn eins herbergja kofa sem hýsir skóla fyrir alla nemendur þorpsins. Aukin aðsókn í skólann hefur nú sprengt skólahúsnæðið þannig að hluti af kennslunni þarf að fara fram utandyra.

Þökk sé Lionsfélögum í umdæmi 403 A1 er að verða breyting á. Með 34.000 dollara styrk frá alþjóðahjálparsjóðnum LCIF hafa þeir nú hafist handa við byggingu á nýju og stærra skólahúsi sem mun hýsa 3 kennslustofur, aðstöðu fyrir kennara og geymslu. Einnig verður reist sér bygging sem hýsir snyrti-aðstöðu sem mun efla alla hreinlætisaðstöðu í þorpinu.

Þessi uppbygging gefur um það bil 150 fleiri nemendum tækifæri til að sækja skóla í öruggu og þægilegu umhverfi.

Þetta verkefni í Burkina Faso er lýsandi dæmi um þá stefnu LCIF að bæta líf þeirra sem minna mega sín, óháð landamærum og aðstæðum. Á júlifundi samþykkti stjórn

sjóðsins meira en 70 styrki, samtals yfir 3 milljón dollara. Þessir styrkir hafa allir farið til að styðja við brýn verkefni sem Lionsklúbbar eru að sinna í sínu nærumhverfi, að breyta lífi þeirra sem minna mega sín.

Hamfarastyrkir eins og veittur var til Tonga eftir að fimmta stigs fellibylurinn Ian gekk á land þar breytir líka lífi fólks. Í þessum fellibyl sem gekk yfir eyjuna Ha'apai eyðilögðust 1.200 byggingar og meira en 2.300 íbúar misstu heimili sín. Raflínur, orkuver og vatnsveitur eyðilögðust svo meirihluti íbúanna var án rafmangs og fersks vatns.

Lionsklúbbar á svæðinu hófust þegar handa við að útvega 3 nýja 10.000 lítra vatnstanka í stað þeirra sem eyðilögðust. Með 15.000 dollara styrk frá LCIF er nú verið að gera þessa tanka að varanlegum vatnsbólum.

Allt frá stofnun alþjóðahjálparsjóðsins 1968 hefur sjóðurinn verið sérlega virkur á sviði

sjónverndar. Það kom því ekki á óvart að stjórn sjóðsins samþykkti 75.000 dollara styrk til að stækka og bæta tækjabúnað í augnlækningastöð í Morocco. Augnlækningastöð sem stýrt er af Lions á svæðinu og sinnir eingöngu fátækum og þeim sem minna mega sín. Augnlækningastöðin hefur nú aðstöðu til að greina sykursýki fyrr og veita viðeigandi meðferð. Stöðin þjónustar meira en 600.000 íbúum þar sem sykursýki er algengari en annars staðar og þörfin því gríðarlega mikil. Lionsfélagar á svæðinu reikna með að meira en 2.500 íbúar fá viðeigandi meðferð sem mun koma í veg fyrir blindu.

Með þessum styrkjum og mörgum öðrum sem samþykktir hafa verið á árinu má auðveldlega sjá þau gríðarlega áhrif sem Lionsfélagar geta haft fyrir milligöngu alþjóðahjálparsjóðsins LCIF.

Pýðing: Kristinn Hannesson



Ungmennaskipti sumarið 2014

Pálmi Hannesson

Ungmennaskiptastjóri



Í ár voru búðirnar haldnar að Hólum í Hjaltadal, voru það klúbbarnir á svæði 4 í B umdæminu sem héldu utan um það verkefni, tókst þetta í alla staði vel. Þátttakendur í búðunum voru 15 frá jafnmörgum löndum. Klúbbarnir fóru nýja leið í búðarstjórnun, voru með tvo kennara á launum sem sáu um búðirnar og voru með ungmennunum allan tímann, en eins og undanfarin ár þá sáu klúbbarnir um dagskrá búðanna og voru með krökkunum líka. Ég er ekki búinn að fá uppgjör frá búðunum þannig að ekki liggur ljóst fyrir hvernig þetta hefur komið út kostnaðarlega.

Heimaginging

Eins og undanfarin ár þá er ekki hægt að segja annað að það hafi gengið heldur illa að fá gístifjölskyldur þrátt fyrir að fleiri svæði hafi verið virkjuð í það verkefni. Í janúar var sendur póstur á svæðisstjóra á svæðum 6 – 7

– 8 og 9 í A umdæminu en lítil sem engin viðbrögð. Aftur var sendur póstur á sömu aðila en lítið um svör, einnig sent á formenn sömu svæða. Ég held það hljóti að vera áhyggjuefni að þeir aðilar sem valdir eru í slík embætti skuli ekki einu sinni svara pósti! Sem betur fer var einn félagi úr Lkl. Grindavíkur, Reynir Gunnarsson, sem sendi mér póst í febrúar og bauð að hann og hans fjölskylda tækju að sér 8 ungmenni. Ein stúlka kom frá Japan eftir að búðum lauk og var því eingöngu í heimagingingu, var það Guðmundur Oddgeirsson fyrverandi umdæmisstjóri og hans fjölskylda sem tóku hana að sér. Ég hef verið að velja því fyrir mér hvort við ættum að hætta að bjóða upp á heimagingingu og vera eingöngu með búðir, það virðist vera mun léttara að fá klúbbana til að halda búðirnar en að útvega gístifjölskyldur?

Ungmenni sem fóru frá okkur

Í ár voru það 9 ungmenni sem fóru frá okkur til 8 landa og tókst það í alla staði vel, hefði þó viljað sjá fleiri fara. Vil ég hvetja þau svæði sem hafa sent ungmenni utan að fá þau til að koma á fund til sín og segja frá sinni reynslu. Ég held það gæti orðið til að lionsfélagar fengju betri skilning á þessu verkefni okkar og væru þá trúlega tilbúnir í að taka þátt og bjóða upp á heimagingingu.

Búðir 2015

Búðirnar næsta ár verða haldnar á svæði 4 í A umdæminu, búíð er að halda fund með fulltrúum klúbbanna á svæðinu. Húsnæði er orðið klárt en búíð er að fá aðstöðu í grunnskólanum í Hveragerði.

Minning † Ragnheiður Kristinsdóttir



F. 29 ágúst 1926

D. 6 júlí 2014

Við Lionsfélagar í Lkl. Kaldá minnumst með virðingu og þakklæti félaga okkar Ragnheiðar Kristinsdóttur er lést 6. júlí s. l. Hún gekk til liðs við Lionshreyfinguna við stofnun Lionessklúbbsins Kaldár í Hafnarfirði árið 1986 sem árið 1992 varð

Lkl. Kaldá. Ragnheiður var góður og öflugur félagi sem vann vel að þeim verkefnum sem við tókum okkur fyrir hendur í klúbbnum og ávallt tilbúin að leggja lið. Hún var gerð að Melvin Jones féлага fyrir störf sín í klúbbnum. Við þökkum samfylgdina og vottum fjölskyldu hennar innilegar samúðarkveðjur.

Félagar í Lionsklúbbnum Kaldá

Kynnið störf klúbbsins og verið stolt af því

Einar Þórðarson

umdæmisstjóri 109A



Bjóddu einum

Alþjóðlegi sjónverndardagur Lions er ný afstaðinn og tókst hann í alla staði mjög vel. Stór hluti Lionsklúbba tók þátt í deginum, með kynningu í Ráðhúsinu eða í sinni heimabyggð, með veitingu Melvin Jones viðurkenninga, með þátttöku í dagskrá Blindrafélagsins eða á annan hátt í tengslum við sjónverndarmálefni. Þarna hittist stór hópur fólks og kynntist Lionshreyfingunni. Einhverjir Lionsfélagar notuðu tækifærið og skelltu sér í verkefnið „Bjóddu einum“.

Ég var viðstaddur amk. tvö skipti þar sem

Lionsfélagi spurði „Má bjóða þér að ganga í Lions?“ Í bæði skiptin svaraði viðkomandi eitthvað á þessa leið „Ég hef aldrei verið spurð/ur að þessu. Já, ég er alveg til, því Lions er þekkt af svo góðum verkum“. Málið var ekki flóknara!!

Kynnið störf klúbbsins fyrir ykkar heimabyggð

Klúbbar eru að undirbúa sykursýkismælingar núna í nóvember með tilheyrandi kynningum og auglýsingum. Fólki veit að Lionsklúbburinn í þeirra heimabyggð stendur fyrir þessum sykursýkismælingum en ekki mikið annað um klúbbin eða störf hans.

Notið því meðbyrinn, sem Lions fær í nóvember, til að bjóða íbúum byggðarlagsins/hverfisins á léttan kynningarfund með kaffi og kleinum. Það er ekki flókið að undirbúa kynningarfund: Veljið stað og stund, sendið út dreifibréf, kaupið kaffi og kleinur. Hitt kemur að sjálfu sér.

Pegar gestirnir koma á fundinn þá bíða þeirra veitingar og hressir Lionsfélagar. Þið segið frá þeim góðu verkefnum sem þið styrkið, fjáröflunum og klúbbsstarfinu. Svo er upplagt að skella sér í verkefnið „Bjóddu einum“ og spyrja gestina „Má bjóða þér að ganga í Lions?“. Svörin eiga eftir að koma ykkur á óvart.

Störfum saman

Þó að hver Lionsklúbbur starfi oft einn og sér að sínum verkefnum þá er hann hluti af stórrí fjölskyldu. Sama er að segja um klúbbsfélaga. Við erum hluti af öflugri líknarhreyfingu. Við erum hluti af Lionshreyfingunni á Íslandi og hluti af alþjóðahreyfingu Lions í 210 löndum. Við erum ekki ein. Þess vegna eigum við ekki að gera hlutina upp á okkar einsdæmi. Það á enginn Lionshreyfinguna einn og sér. Lionsklúbbur er hópur fólks sem sameinar hæfileika sína og þekkingu til að leysa ákveðin verkefni, stefnir að sama marki og ber sameiginlega ábyrgð. Við eigum að tala saman og starfa saman.

Að lokum

Umdæmisstjórar og varaumdæmisstjórar eru á ferðinni í allan vetur að heimsækja klúbba. Skemmtilegast er að kynnst störfum klúbba og hlusta á klúbbsfélagana. Ekki vera feimin að spyrja okkur eða benda á það sem betur má fara. Verum gætin í gagnrýni og örlát á viðurkenningu.



Sykursýkismánuður Lionshreyfingarinnar er nóvember mánuður Ágætu lionsfélagar

Á síðasta starfsári tóku 29 lionsklúbbar alls þátt í að bjóða upp á ókeypis blóðsykurmælingar. Þetta verkefni okkar tókst einstaklega vel. Von okkar er að jafn vel takist í ár. Mælingarnar fara fram frá 10. nóvember til 10. desember. Hér er stutt lýsing á þessum sjúkdómi.

Sykursýkisfulltrúar umdæmanna senda nú út bréf til að hvetja lionsklúbba til að taka þátt í þessum atburði.

Gengur þú með dulda sykursýki?

Sykursýki er efnaskiptasjúkdómur sem dregur nafn sitt af auknu sykurmagni í blóði. Blóðsykurinn (glúkósa) er nauðsynlegt brennsluefni fyrir líkamann. Of hár blóðsykur er þó skaðlegur og því er blóðsykurmagninu haldið á þröngu bili undir eðlilegum kringumstæðum. Blóðsykurmagnið ræðst af samspili fæðuneyslu, líkamsáreynslu, blóðsykurframleiðslu lifrar og magni nokkurra hormóna í blóðinu en þau helstu kallast insúlín og glúkagon.

Tegund 1 af sykursýki leggst aðallega á ungt fólk sem ekki hefur sterka ættarsögu. Sjúkdómurinn stafar af því að frumurnar sem framleiða insúlín eyðileggjast algjörlega.

Tegund 2 af sykursýki leggst fyrst og fremst á fullorðna sem oft hafa sterka ættarsögu. Um er að ræða röskun á virkni insúlínsins þ.e. það insúlín sem braskirtillinn framleiðir nýtist mjög illa, en auk þess er einnig truflun á starfsemi sjálfs braskirtilsins. Flestir eru reyndar einnig með truflun á efnaskiptum blóðfitu og með háan blóðþrýsting.

Einkenni sykursýki af gerð 2 geta verið lúmsk. Helstu einkennin eru:

- Þorsti
- Tíð þvagliát
- Þreyta
- Sjóntruflanir
- Sveppasýkingar og kláði á kynfærum

Hafðu samband við lækinn þinn ef þú hefur þessi einkenni og láttu mæla blóðsykurinn!

Jón Bjarni Þorsteinsson

Félagar í Lionsklúbbi Keflavíkur fóru í skoðunarferð í Hvalstöðina í Hvalfirði



Á fyrsta fundi starfsársins kom upp sú hugmynd að fara í skoðunarferð í Hvalstöðina í Hvalfirði. Hugmyndin varð ekki síst til vegna tengsla félaga við einn af forsvarsmönnum Hvals, en hann hefur verið auðfúsugestur hjá okkur við ýmis tækifæri. Ákveðið var að hafa samband og kanna hvort og hvenær það hentaði. Það skipti engum togum að kvöldið eftir var boðað til ferðar og mönnum tilkynnt mæting næsta dag kl 7.30 við Sýslumannsskrifstofuna í Keflavík, en þar var mönnum skipt í bíla. Ekið var síðan rakkleitt upp í Hvalfjörð á þrem bílum. Veðrið var eins og best verður á kosið logn og bjart, og skartaði Hvalfjörðurinn sínu fegursta. Enda höfðu félagar á orði að það væri viss söknuður í því að aka ekki lengur Hvalfjörðinn eftir að göngin komu, þó ýmsum hafi fundist hans ansi langur og strangur hér áður fyrir.

Þegar við komum innar í fjörðinn sáum við Hvalbátinn sigla hægt og örugglega inn spegilsléttan fjörðinn til hafnar með hval á síðurnni, og stóðst það á að þegar við renndum í hlað var Hvalur 9 að leggjast að.

Okkur félögum var strax boðið niður á bryggju en þar var hafist handa við að festa víra í hvalinn og draga hann upp á planið sem við sjáum þegar við ökum þarna framhjá. Okkur var sagt að þetta væri meðalstór langreyður, en ekki leyndi sér að mönnum fannst skepnan stór. Nokkra stund tók að koma hvalnum á land, en handtökin voru örugg og fumlau og greinilegt að menn voru ekki að höndla þetta í fyrsta skipti. Þegar skepnan var komin upp var strax hafist handa, hver maður á sínum stað og hver og einn hafði sitt hlutverk við hvalskurðinn. En sú vinna gat þó ekki hafist fyrir en eftirlitsmenn og dýralæknir höfðu höfðu bæði mælt og

tekið sýni úr hvalnum ásamt öðrum rannsóknnum sem framkvæmdar eru strax og hvalurinn kemur á land.

En nú var gefið grænt ljós og skurðurinn hófst. Ungir menn með stóra skurðarhnífa tóku til við að skera hvalinn greinilega eftir kúnstarinnar reglum, allt hnitmiðað og öruggt. Til hliðar við þá voru aðrir starfsmenn sem tóku við afskurðinum bæði hvalkjöti, hvalspiki sem og öðru sem við myndum kalla úrgang, en okkur var sagt að allt væri nýtt í hina ýmsu afurðir og engu hent. Allt var skipulega dregið að götum á planinu þar sem afskurðurinn var látinn falla niður í vinnslusalina sem staðsettir eru undir planinu. Öll þessi vinna var unnin af svo mikilli nákvæmni að undrun sætti. Þegar við spurðum út í það var okkur tjáð að þarna væru starfsmenn sem hefðu unnið við þetta á hverju ári mjög lengi, jafnvel í áratugi og á öllum aldri. Því til staðfestingar var okkur bent á einn starfsmann kominn hátt á áttæðisaldur sem þarna var eins og unglamb, og var ekki laust við að ánægjusvipur kæmi á okkur félagana þegar við heyrðum þetta, enda er meðalaldur okkar í klúbbum nokkuð hár. Það kom einnig fram að um 160 manns vinna hjá fyrirtækinu flestir í hvalstöðinni og eins er starfsemi í Hafnarfirði og Akranesi.

Þegar afskurðurinn var langt á veg kominn sem tók ótrúlega skamman tíma miðað við stærð skepunnar, var farið með okkur niður í vinnslusalinn þar sem kjötið var flokkað og sett í pönnur og fryst til útflutnings, sem og bræðsla og önnur vinnsla á hráefninu t.d. dýrafóður og hvalrengi o.fl. Að þessu loknu var farið í skoðunarferð um fyrirtækið og okkur sýnd starfsemin, og kom þá t.d. í ljós að þeir hafa sína eigin hitaveitu sem er m.a.

notuð við gufufurmeiðsluna, enda mikið af verkfærum sem eru gufuknúin. Það vakti undrun hve öllu var vel við haldið, og hve allt gekk smurt þótt komið væri til ára sinna.

Nú var haldið á bilunum niður að gömlu bensínstöðinni sem við munum eftir fyrir neðan kampinn, en þar hefur Hvalur h.f. komið sér upp sögusafni og móttökusal. Þar var boðið uppá ljúffengar hvalaafurðir og okkur sýnt safnið m.a. gamlar skipsbækur, gömul siglingatæki að ógleymdum bæði gömlum og nýjum tækjum til hvalveiða sem og ýmsu öðru skemmtilegu.

Það var komið að lokum þessarar skemmtilegu skoðunarferðar og kl. að verða 13.00. Klúbburinn þakkaði fyrir sig og bauð forsvarsmanni Hvals h.f. á næsta kúttmaga-kvöld í febrúar og við svo búið héldu félagar af stað heimleiðis, eftir ferð sem örugglega í hugum félaga varpaði nýju ljósi á mikilvægi og framkvæmd hvalveiða.



Starfið í Fjörgyn fer að stað með krafti



Á myndinni eru frá vinstri: Friðrik Már Bergsveinsson, Hjálmur S. Flosason, Loftur Ingi Sveinsson, Hreinn Ólafsson, Einar Þórðarson (umdæmisstjóri 109A), Ísbjörninn Hringur, Þór Steinarsson, Andrés Ásmundsson, Eggert J. Levy og Ragnar Gunnarsson

Fjörgyn styður við ísbjörninn Hring á Barnaspítala Hringsins með því að gefa út í tveimur heftum (1000 stk af hvoru hefti) 32 myndagátur eftir Hring og Kristínu Rán Guðjónsdóttur. Verkefnið var m.a. fjármagnað með uppboði á landsliðstreyju Guðjóns Vals Sigurðssonar til stuðnings Barnaspítala Hringsins. Félögum í Lionsklúbbnum Fjörgyn er heiður af því að leggja starfi Hrings lið.

Hringur varð til fyrir tilstuðlan Önnu Mörtu Ásgeirsdóttir og Ingólfs Arnar Guðmundssonar. Þau giftu sig 2005 og stað þess að þiggja gjafir ákváðu þau að setja af stað verkefnið Vinir Hrings. Ísbjörninn Hringur kemur á miðvikudögum á leikstofuna, fer á stofu rölt og í einkaheimsóknir á spítalann. Hans er ávallt beðið með væntingu. Hringur er ótrúlega góður í því að gleðja lítil sem stór hjörta.

Hér er falleg frásögn frá leikkonunni Jósa um hvað Hringur gerir fyrir Vini Hrings.

„Ein af uppáhalds stundunum hans Hrings eru einkaheimsóknir. Þá fer hann upp á gang og til barna sem einhverra hluta vegna komast ekki niður á leikstofuna þar sem hann er oftast. Yfirleitt er ástæðan fyrir því að börnin komast ekki á leikstofuna sú að þau eru ekki nógu heilsuhraust til að vera niðri. Það segir sig því sjálft að við þannig aðstæður eru foreldrarir bæði áhyggjufullir og yfirleitt þreyttir. Öll þeirra einbeiting og kraftur síðustu daga og jafnvel vikna, hefur farið í að sinna barninu og ekkert annað komist að. Svo kíkir allt í einu Ísbjörn inn um dyrnar, hann er ýmist hress og fyrirferðamikill segir brandara eða bara mjög rólegur og leyfir öllum að finna hvað hann er mjúkur. Í þessum heimsóknum gerist það stundum að Hringur nær að láta foreldrana gleyma sér, oft ekki í nema eitt augnablik. En þetta augnablik sem áhyggjunum er svipt af þeim er eitt af uppáhalds augnablikunum hans Hrings. Hann á reyndar mörg mjög skemmtileg en þetta er það sem snertir hann yfirleitt mest.“

Þór Steinarsson Lionsklúbbnum Fjörgyn



Á myndinni eru frá vinstri: Loftur Ingi Sveinsson, formaður Fjörgynjar, Joe Preston alþjóðaforseti LCI og Linda Kristmundssóttir, deildarstjóri göngudeildar BUGL.



Að Loknum Sjónverndardegi

Tryggvi Kristjánsson

fjölumdæmisstjóri



Nú er Alþjóðlegi Sjónverndardagur Lions afstaðinn, og er óhætt að segja að viðburðir dagsins hafi tekist eins og best var á kosið.

Dagurinn hófst í Landspítala Háskóla-sjúkrahúsi en þar fór fram afhending á gjöfum sem Páll Matthíasson forstjóri sjúkrahússins tók við úr hendi Joe Preston alþjóðaforseta Lions. Viðstaddir voru auk þeirra: Herra Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands, Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra ásamt fullum Hringssalnum eða um 200 manns. En Joe Preston kom einmitt hingað til

lands út af Sjónverndardeginum ásamt eiginkonu sinni Joni Preston. Eftir þennan skemmtilega viðburð tók við sýning í Ráðhúsi Reykjavíkur en þar sýndu aðilar sem vinna við sjónvernd, auk Lionsklúbba sem kynntu sína klúbba og sitt starf. Hægt að segja að fjölmennt hafi verið á sýningunni en áætlað var að um 3000 manns hafi rölt um salinn. Svo var opið hús fyrir alla í Lions um kvöldið á Hótel Sögu og um 230 manns mættu þar. Þannig að þessi dagur heppnaðist í alla staði vel. Ég vil nota tækifærið og þakka ykkur kæru félagar fyrir að hafa tekið þátt í þessu með okkur. Eins þeim sem komu að undirbúningi fyrir þeirra starf í þágu Alþjóðlega sjónverndardags Lions.

Joe Preston var á landinu í 5 daga og vorum við með dagskrá alla dagana fyrir hann og konu hans. Heimsóttum t.d. Bugl, endurhæfingastöðina Grensás, skólaskipið Sæbjörgu og marga aðra staði. Eftir þessa ferð um Reykjavík og nágrenni er ég þess fullviss að Lionsstarf þar er í miklum blóma, og sóknarfærin liggja þar. Öflugir klúbbar sem styðja vel við samfélagið og ekki síður stofnanir sem þeir styðja með miklum sóma. Eitt af því sem Joe Preston leggur áherslu á er. Ask 1 (spurðu einn) til að ná í nýja féлага, og í heimsókn okkar á Bugl var ein starfskona spurð hvort hún vildi ganga til liðs við Lions. Og svarið var já, og var hún tekin inn í

hreyfinguna á staðnum. Og á stofnfundi PDG klúbbsins var fyrverandi umdæmisstjóri, sem var hættur í Lions spurður hvort hann vildi ekki ganga aftur í Lions og svaraði hann einnig játandi og var líka tekin inn í Lions. Þetta er einfalt ef allir spyrja einn þá ættum við að geta fjölgað í hreyfingunni, ég hvet ykkur kæru félagar að ganga í þetta verk fyrir næsta fund. Nóvember er mánuður sykursýkisvarna hjá Lions og margir klúbbar standa fyrir mælingu, og þeim fjölgar alltaf sem taka þátt. Svo kemur desember en þá eru margir klúbbar með verkefni tengd aðventunni, það má því segja að annasamur tími sé framundan hjá okkur í Lions.



Minning † Birgir J. Jóhannsson



Birgir J. Jóhannsson, tannlæknir, félagi í Lionsklúbbum Fjölmi lést 10. júlí sl. og var jarðsettur 23. júlí. Birgir gekk í Lkl. Fjölmi árið 1969 og tók mikinn og virkan þátt í starfi klúbbsins óslitið í 45 ár. Honum voru falin mörg trúnaðarstörf fyrir klúbbin, tvívegis var hann formaður og öðrum stjórnarstörfum gegndi hann einnig, bæði sem ritari og gjaldkeri. Síðustu árin var hann siðameistari eða ljónatemjari klúbbsins og gegndi því

starfi af viðeigandi myndugleik. Birgir var einn af þessum máttarstólpum sem starf Lionsklúbba byggir svo mikið á, lét sig helst aldrei vanta á fundi, hann starfaði í flestum ef ekki öllum nefndum klúbbsins gegnum árin og skoraðist aldrei undan að taka að sér störf þegar eftir því var leitað. Hann var einn af fyrstu félögum Lkl. Fjölmi sem var kjörinn Melvin Jones félagi en það er æðsta viðurkenning Lions-hreyfingarinnar.

Birgir átti sér athvarf í Flókadal, þar sem hann hafði ásamt

nokkrum félögum sínum fest kaup á jörðinni Skógar. Síðar reisti hann sér og fjölskyldu sinni sumarhús í landi Skóga og nutum við klúbbsfélagar hans og eiginkonur okkar gestrisni hans og barna hans þar. Mér er minnstæður stjórnarskiptafundur sem Birgir efndi til á Skógum þegar hann lét af formennsku í klúbbum í síðara sinnið en þá hittust þar fráfarandi og viðtakandi stjórn. Byrjað var á því að leggja net í nærliggjandi vatn en síðan bauð Birgir upp á fræga kjötsúpu sem hann eldaði af mikilli list. Undir lágnættið var svo vitjað um netin í júnísólinni og gert að aflanum, þrem vænum urriðum. Á eftir voru svo mikilvæg málefni krufin til mergjar fram eftir nóttu og er ekki ólíklegt að Kapteinn Morgan hafi verið hafður þar með til ráðuneytis.

Birgis verður saknað af okkur félögum hans, hann lét til sín taka á fundum og lá ekki á skoðunum sínum en lagði jafnan gott til mála og á hann var hlustað. Hann var góður félagi og sannur Lionsmaður í hvívetna.

Við félagarnir í Fjölmi og konur okkar kveðjum Birgi með söknuði og sendum fjölskyldu og aðstandendum hans innilegar samúðarkveðjur.

Ottó Schopka

Styrkur í 34 ár



Ríta Freyja Bach og Páll Jensson í Grenigerði.

Lionsklúbbur Borgarness hefur síðan 1981 fengið höfðinglegan styrk frá þeim hjónum Páli Jenssyni og Rítu Freyju Bach í Grenigerði. Á hverju ári um jólaleitið berst klúbbnum styrkur frá þeim hjónum sem notaður hefur verið til styrktar góðum málefnum á okkar starfssvæði.

Þessi hefð þeirra hjóna hófst með því að Páll hitti lionsfélaga sem voru að selja fisk til söfnunar í styrktarsjóð. Páll fór að spyrja hvað klúbburinn gerði við þá fjármuni sem söfnuðust með þessu hætti. Þegar félagarnir höfðu sagt frá starfsemi klúbbsins og hvað gert væri

við þá fjármuni sem honum áskotnaðist afhendi Páll nokkra upphæð með þeim formerkjum að þetta væri félagsskapur að þeirra skapi.

Páll hefur sagt okkur frá því að eitt árið hafi hann talið sig nokkuð góðan þegar komið var fram í desember, hann hafði nefnilega verið komin í þá aðstöðu að hafa gert upp allar sínar skuldir. Hann áttaði sig þá á að gleymst hefði að gera ráð fyrir framlaginu til Lions og því hefði ekki verið um annað að ræða en fara á fund sparisjóðsstjórans og sækja um víxillán sem hann og gerði.

Önnur saga af höfðingsskap þeirra hjóna var þegar þau fyrir fáum árum keyptu sér nýjan bíl í byrjun desember. Góðvinur þeirra hjóna og félagi í klúbbnum hitti þau þar sem þau voru á leið til Reykjavíkur en höfðu lent í því að bíllinn þeirra hafði bilað. Hann keyrði þau því í veg fyrir rútu á leið til höfuðborgarinnar. Þegar í ljós kom að gamli bíllinn væri ekki þess virði að gert yrði við hann aðstoðaði lionsfélaginn þau við að finna nýjan bíl á bílasölu á Akranesi, hann skutlaði þeim svo að sækja bíllinn. Þegar bílakaupin voru rædd kemur upp að ekki höfðu þau farið fram á afslátt af kaupverðinu þó staðgreitt hafi verið. Þetta fannst lionsmanninum ekki ganga og óskaði eftir því við viðkomandi bílaumboð og fékk fyrir þeirra hönd góðan staðgreiðslu-afslátt vegna bílakaupanna.

Þegar stuttu seinna kemur að skötufundi 23 desember kemur í ljós að þó Páll og Ríta hafi verið búin að styrkja klúbbinn veglega eins og á hverju ári hefðu þau ákveðið að bæta við helmingi endurgreiðslunnar.

Páll og Ríta voru gerð að heiðursfélögum Melvin Jons árið 2003.

Það er félagsskapur eins og Lions mikils virði að eiga að fólk eins og þau heiðurshjón í Grenigerði.

Magnús Fjeldsted.

*Upplýsinga- og fjölmiðlafulltrúi
Lionsklúbbs Borgarness*

Lionsklúbburinn Seyla

Lionsklúbburinn Seyla, Álftanesi, var stofnaður 1. mars 2012 og er því kominn vel á þriðja ár.

Starfið hefur farið vel af stað og mörg skemmtileg verkefni verið unnin.

Umhverfismál. Árviss viðburður er að hreinsa hluta af fjörum á Álftanesi, sem konur hafa unnið með börnum og barnabörnum. Þar sem sveitarfélagið hefur greitt fyrir framtakið og sú upphæð runnið í líknarsjóð klúbbsins má segja að tvær flugur séu slegnar í einu höggi, fegrn og bót á umhverfinu og söfnun í sjóð sem nýttur er til góðra verka.

Menningarmál. Klúbburinn veitir árlega bókaverðlaun til þeirra nemenda 10. bekkjar Álftanesskóla sem sýnt hafa góða ástundun, ábyrgð og sjálfstæði í námi og starfi. Hann hefur einnig fært 10 ára börnum bókamerki vegna lestrarátaks Lionshreyfingarinnar og 7-8 ára börnum litabók í tengslum við brunavarnir á heimilum.

Fjáröflun. Eitt af fyrstu fjáröflunarverkefnum okkar var að þrjóna töskur úr íslenskum lopa sem notaðar voru undir fundagögn á alþjóðlegri ráðstefnu norrænna landfræðinga. Voru þrjónaðar 400

töskur sem nú eru komnar í notkun víða um heim. Þetta var bæði landkynning og umtalsverð fjáröflun sem við búum enn að.

Fyrsta fjáröflunarverkefni þessa starfsárs var að vera með súpu og brauð á fjölumdamisfundi Lions í september.

Samfélag. Töluverður afgangur var af lópanum og var hann notaður til að þrjóna stórt og fallegt bútateppi sem afhent var Konukoti í desember síðastliðnum sem kærleiksgjöf til þeirra kvenna sem þangað leita skjóls

Alþjóðlegi sjónverndardagurinn. Hér spiluðu Seylukonur stórt hlutverk, þar sem ein úr okkar klúbbi var sýningarstjóri á kynningu klúbba og samstarfsaðila í Ráðhúsinu og þrjár aðrar sáu um kaffihúsið. Við vorum þar með rúllustand og létum líka prenta kynningarbækling fyrir klúbbinn okkar.

Það er sem sagt bjart yfir okkur og við hlökkum til starfsins í vetur þar sem lögð verður áhersla á að hafa gaman saman og jafnframt að leita leiða til að gera gott samfélag betra.

Guðrún María Skúladóttir, formaður Lkl. Seylu, starfsárið 2014-2015.

Til hamingju Lions

Guðrún Björt Yngvadóttir

LCIF-stjóri



Hamingjuóskir

Við getum óskað okkur öllum til hamingju með Alþjóðlega sjónverndardag Lions, sem haldinn var 14. október s.l.

Allt gekk upp og var Lions á Íslandi til mikils sóma. Lionsklúbbar, Lionsfélagar, Lionsforystan, einstaklingar og samstarfsaðilar, til hamingju og takk fyrir ánægjulegt samstarf.



Þakklæti

Við þökkum öllum þeim sem gerðu þennan dag svona stóran og eftirminnilegan. Þeir sem sóttu viðburðina og kynntu þá meðal vina og vandamanna, þeir sem lögðu fram vinnu við undirbúning og framkvæmd, eiga allir þakkar skyldar.

Þakklæti og gleði ríkir í hugum okkar að loknum þessu stóra verkefni.



Ávinningurinn

Miðlun upplýsinga um starf okkar er gríðarlega mikilvæg til að gera verkefnið sýnilegt fyrir alla þá sem vilja styðja við starf okkar með einhverjum hætti. Einnig til að gera klúbbana aðlaðandi fyrir alla þá sem vilja láta gott af sér leiða og gerast félagar. Við gerðum Lionsstarfið á Íslandi sýnilegt í Ráðhúsinu þennan dag, á kynningarstöndum klúbba, á veggspjöldum og með bæklingum um verk Lions. Við búum að þessari kynningu, eins lengi og við höldum henni vakandi.



Kynningin

Við fengum mikla fjölmiðlaathygli, bæði prentmiðla og ljósvakamiðla, ásamt samfélagsmiðlum. Við fengum mjög jákvæða umfjöllun og styrktum ímynd okkar meðal almennings og samstarfsaðila. Alþjóðasamtökin kynntu viðburðinn og Alþjóðaforseti bloggaði um daginn okkar og birti margar myndir á Facebook-síðu sinni. Nú er lag að fylgja þessu eftir og kynna klúbbana betur í hverju samfélagi og styrkja Lions með fleiri félögum og flottari verkefnum. Við getum alltaf gert betur og fleiri hendur vinna létt verk



LCIF gaf okkur tæki

Alþjóðahjálparsjóður Lions - LCIF gaf okkur tvö tæki í tilefni dagsins. Annað tækið er til að rannsaka aldurstengda augnsjúkdóma, en hitt er til að rannsaka sjón ungra barna. Alþjóðaforseti afhenti tækin á hátíðarfundum á Landspítalanum. Helstu ráðamenn þjóðarinnar á þessu sviði tóku til máls á þessum fundi og þökkðu Lions fyrir mikilvægt framlag til

heilbrigðismála og þeir hrósuðu okkur mikið. Það var mjög uppörvandi og hvetjandi að fá allt þetta hrós.



Hvað gefum við?

Alþjóðahjálparsjóður Lions hefur verið mjög höfðinglegur við okkur á Íslandi; við höfum fengið um 50 milljónir króna til verkefna á Íslandi. Við höfum oft verið höfðingleg við sjóðinn, einkum í sjónverndaráttakinu 2005-2008, en nú hefur heldur dregið úr framlögum. Um helmingur klúbba leggur eitthvað til LCIF, en markmiðið er að ALLIR klúbbar láti eitthvað af hendi rakna. Við erum ekki að tala um háar upphæðir, örlítið framlag árlega frá hverjum klúbba skiptir máli.



Eyrnamerkt framlag

Það er hægt að eyrnamerka framlag til LCIF, til dæmis til mislingaáttaksins „Measles Initiative“, til sjónverndar „Sight Programs“, til náttúruhamfara „Disaster Relief“ og til fleiri verkefna, sem klúbbum hugnast best.

Svo þarf alls ekki að merkja framlögin, þau fara þá í almennan sjóð og nýtast hvaða mannúðarmáli sem er.

Við breytum lífi fólks

Ein mislingasprautu með öllu kostar um 1 US\$ stykkið og getur bjargað lífi barns. Það kostar í dag að meðaltali 6 US\$ að endurheimta sjón, eða koma í veg fyrir blindu. Algengasta framlag Íslenskra Lionsklúbba er til LCIF er vegna náttúruhamfara. Öll framlög nýtast 100% til verkefnisins.

Sjónvernd – fyrir betri lífsgæði

F.h. verkefnisnefndar Alþjóðlega sjónverndardags Lions. Guðrún Björt Yngvadóttir, Kristín Þorfinnsdóttir, Jón Pálmason og Edda Ruth Hlín Waage.

Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fánleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122. EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Hængurinn spriklar



Lionsklúbburinn Hængur á Akureyri hélt uppá 40 ára afmæli í fyrra, Stofndagur klúbbsins er 6. mars 1973. Félagar í klúbbum eru nú 37, þar af einn ævifélagi. Fundir eru að jafnaði haldnir 1. og 3. fimmtudag í hverjum mánuði frá september til maí og hefjast kl. 19:15.

Hængur á sitt félagsheimili, salinn Ána á 4. hæð í Skipagötu 14, og vissulega þarf að vinna vel að rekstri þess (umhirðu, viðhaldi og útleigu), en það er klúbbum mikils virði að hafa sinn eigin samastað. Lionsklúbbarnir Ösp og Ylfa halda þar einnig sína fundi.

Aðalstjórn Lkl. Hængs starfsárið 2014-2015 skipa: Stefán Vilhjálmsson formaður, Þórólfur Egilsson gjaldkeri, Andri Gylfason ritari, Hörður Óskarsson skelmir og Árni V. Friðriksson stallari.

Haldnir hafa verið 3 fundir í haust og er að vanda góður hugur í Hængsmönnum að hefja starfsemi eftir sumarleyfið. Nokkrar fastanefndir starfa innan klúbbsins. Aðalfjáröflun Hængs felst í útgáfu jóla- og auglýsingablaðsins Leó sem í fyrra kom út í 40. sinn. Ágóðanum er varið til líknarmála og hefur Hængur lagt stórum og smáum málefnum lið. Við leggjum áherslu á að láta gott af okkur leiða á heimasvæði en leggjum árlega til LCIF-sjóðsins og annarra málefna á alþjóða- og landsvísu eftir því sem tilefni gefast.

Stóra vinnuverkefnið okkar er árlegt Hængsmót, opið íþróttamót fyrir fatlaða sem haldið er um mánaðamótin apríl-maí, sívinsælt meðal

keppenda eftir 32 ár og alltaf jafn gefandi fyrir Hængsfélaga og fjölskyldur þeirra.

Við gerum okkur og fjölskyldum okkar sitthvað til skemmtunar, síst gleymum við þeim þættinum. Konukvöld eru haldin og árleg Eyjaferð er að vori. Síðast lá leiðin til Flateyjar á Skjálfaflóa með tilheyrandi hvalaskoðun.

Laugardaginn 10. okt. sl. fórum við Hængsmenn í ágæta haustferð austur fyrir Vaðlaheiði, heimsóttum fyrst Samgöngumínjasafnið í Ystafelli í Kaldakinn þar sem Sverrir Ingólfsson, safnstjóri, tók á móti okkur. Við litum einnig í heimsókn til Sigurðar Bjarklind, kennara, í sumarbústað hans, gamla þinghúsinu á Ystafelli. Síðan var ekið undir Ógöngufjöllum út að sjó þar sem heitir Bjargakrókur með leiðsögn Hlöðvers Hlöðverssonar, bónda á Björgum, ysta bæ í Út-Kinn. Túrin endaði með kótelettukvöldi í Dalakofanum á Laugum í Reykjadal.

*Með Lionskveðju,
Stefán Vilhjálmsson*

Minning † Birgir Þórisson



Birgir Þórisson, félagi í Lionsklúbbi Reykjavíkur, var fæddur í Reykjavík þann 13. janúar, 1951. Hann lést langt fyrir aldur fram þann 3. ágúst síðastliðinn á krabbameinsdeild Landspítalans eftir stutta en snarpa baráttu. Síðast starfaði hann sem forstöðumaður og meðeigandi fasteignafélagsins Heimiliskaupa og fleiri tengdra félaga.

Birgir var alla tíð mikill íþróttamaður og íþróttunnandi. Hann var einlægur KR-ingur og keppti til margra ára á skíðum fyrir Skíðadeild KR. Síðar varð hann virkur þátttakandi í þeim samhenta hópi KR-inga, sem rak skíðasvæðið í Skálafelli. Þegar þeim rekstri lauk á vegum KR, fann þessi hópur áframhaldandi þörf fyrir að hittast og eiga góðar stundir saman. Þar fór þá saman, að elsti starfandi lionsklúbbur á Íslandi, Lionsklúbbur Reykjavíkur, var á

hnignunarskeiði og vantaði sárlega nýja félaga. Fór það svo, að hópurinn gekk í lionsklúbbinn, og hófst þar með nýtt uppgangstímabil klúbbsins.

Birgir gekk í Lionsklúbb Reykjavíkur árið 2003 og gegndi þar ýmsum trúnaðarstörfum. Þar ber helst að nefna formennsku í félaganefnd, sem sér um öflun nýrra félaga. Stóð hann sig með mikilli þryði í því starfi, eins og vöxtur og viðgangur klúbbsins ber ljós merki. Einnig var hann mjög öflugur í fjáröflunarverkefnum, enda þekkti hann alla allstaðar. Hann fór ekki fram með hávaða eða látum en kom sjónarmiðum sínum á framfæri á sinn hægláta og rólega hátt.

Við félagarnir í Lionsklúbbi Reykjavíkur þökkum Birgi Þórisssyni langa og góða samfylgd og sendum eiginkonu hans, Önnu Laufeyju Sigurðardóttur, börnum hans og öðrum aðstandendum okkar innilegustu samúðarkveðjur.

*F.h. Lionsklúbbs Reykjavíkur
Gísli H. Guðmundsson*



Alþjóðlegi sjónverndardagur Lions 14. október 2014

Hátíðarfundur kl. 13-15, haldið á Landspítala – Hringsal



Tryggvi Kristjánsson, fjölum-dæmisstjóri bauð gesti velkomna á þennan stærsta viðburð sem Lions á Íslandi hefur verið falið að halda, í samvinnu við Alþjóðasamtök Lions. Taldi hann það mikinn heidur og traust og sagði að við höfum lagt okkur fram við að skila verkefninu vel.



Joe Preston, alþjóðaforseti Lions, opnaði formlega Alþjóðlega sjónverndardag Lions 2014 og lýsti yfir ánægju sinni yfir að halda 17. alþjóðlega sjónverndardaginn á Íslandi, þar sem Lions standi föstum fótum. Aðalverkefni Lions er sjónvernd og Lions á Íslandi hefur ávallt sinnt því vel.




Herra Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands og verndari Lions á Íslandi óskaði landsmönnum öllum til hamingju með þennan stóra viðburð. Hann þakkaði Lions fyrir mikilvægt framlag til mannúðarmála, sem hann hefur kynnst vel og tekið sjálfur þátt í verkefnum Lions.



Kristján Þór Júlíusson, heilbrigðisráðherra þakkaði framlag Lions til heilbrigðisþjónustu í gegn um tíðina, sem idulega hafi valdið straumhvörfum í lækningum og þjónustu í heilsugæslu, öldrunarþjónustu og á spítölum á Íslandi.



Haraldur Gunnar Hjálmarsson, félagi í Lionsklúbbum Perlu og blindur tónlistarmaður lék á gítar og söng tvö lög. Haraldur var fulltrúi Íslands á fyrsta „Lions Song Festival“ söngvakeppni fyrir blinda, sem haldin var í Kraká í Póllandi 2013.



Guðrún Björt Yngvadóttir, LCIF-stjóri og fyrrverandi alþjóðastjórnarmaður kynnti markmið sjónverndardagsins, að auka vitund og bæta augnlækningar og sjónvernd. Þemað í dag er: Sjónvernd – fyrir betri lífsgæði.



Einar Stefánsson, prófessor og yfirlæknir þakkaði ómetanlega aðstoð Lions við uppbyggingu Augndeildar Landspítala. Hann sagði frá aldurstengdum breytingum á sjón og rannsóknum á sjón ungra barna og möguleikum til greiningar og lækninga með nýjum tækjum frá Lions.



Joe Preston, alþjóðaforseti Lions afhenti tvö tæki að gjöf frá Alþjóðahjálparsjóði Lions til Augndeildar Landspítala, en Einar Stefánsson, prófessor og Páll Matthíasson, forstjóri LSH, veittu tækjunum viðtöku.



Dr. Páll Matthíasson, læknir og framkvæmdastjóri Landspítala, þakkaði Lions og LCIF fyrir höfðinglegar gjafir í dag, en einnig ótrúlegan stuðningi og tækjagjafir í áratugi, sem hafa skipt sköpum fyrir spítalann. Sagði hann að rauði dregillinn ætti að vera útrúllaður fyrir heimsóknir Lions.



Brynhildur Ingvarsdóttir, formaður Augnlæknafélags Íslands, þakkaði Lions fyrir stuðning við augnlækningar á Íslandi og fagnaði áhuga Joe Preston á velferð barna og tækjagjöf til rannsókna á sjón nýfæddra og ungra barna, sem er nýjung hér á landi.



Jón Bjarni Þorsteinsson, læknir og fyrrverandi alþjóðastjórnarmaður, sagði frá Alþjóðlegu Sjónverndarátaki Lions í samvinnu við WHO, en 1991-1994 og 2005-2008 var fjársöfnun sem skilaði 500 milljónum Bandaríkjadala til ýmissa verkefna, sem bætti sjón milljóna manna.



Mikil þátttaka var á hátíðarfundinum, en Hringsalur sem tekur 120 manns í sæti var yfirfullur og fengu ekki allir sæti. Ánægjulegt var að sjá marga starfsmenn Augndeildar, fulltrúa heilbrigðisyfirvalda, ýmsa samstafsadila og Lionsfélaga.

Alþjóðlegi sjónverndardagur Lions 14. október 2014

Sýning í Ráðhúsi Reykjavíkur kl. 15-19



Hátt í 3.000 manns lögðu leið sína í Ráðhús Reykjavíkur á Alþjóðlega sjónverndardegi Lions, á sýningu um sjónvernd sem efnt var til í samstarfi við fagaðila.



Sýningin var opnuð með pomp og prakt. Ávarp flutti Björk Vilhelmsdóttir formaður Velferðarráðs Reykjavíkurborgar, Joe Preston alþjóðaforseti Lions, Bergvin Oddsson formaður Blindrafélagsins og Tryggvi Kristinsson fjöllumdæmisstjóri Lions á Íslandi.



Steina Kristín Ingólfsdóttir lék á víólu, en hún var í Orkester Norden sumarið 2014.



Á sýningunni var verkum Lions-hreyfingarinnar gerð góð skil á veggspjöldum og í bæklingum. Lkl. Úa stóð vaktina til að svara spurningum frá gestum og gangandi.



Lionskaffihúsið, sem rekið var þennan eina dag, var afar vel sótt. Á kaffihúsinu var allt frítt en þar var boðið upp á kleinur sem Lkl. Embla hafði bakað, hraun og æði, kaffi og gos frá Ölgerðinni. Lkl. Seyla stóð vaktina og þjónaði til borðs.



Fjöldi fagaðila á sviði sjónverndar kom að sýningunni og kynnti starfsemi sína. Boðið var upp á fræðslu um augnsjúkdóma og augnlækningar og kynntar ýmsar vörur tengdar augnheilsu. Sjónmælingar og augnmælingar ýmis konar vöktu mikla lukku meðal gesta og gangandi og var stöðug biðröð í þær mælingar meðan á sýningunni stóð.



Hjúkrunarfræðingur frá augnlæknastofunni Augljós að störfum með gesti á sýningunni.



Augnlæknastöðin Sjónlag, ásamt Eyesland og Táralind kynnti heilstæða þjónustu og bauð upp á mælingar meðan á sýningu stóð.



Augnlæknafélag Íslands átti sinn fulltrúa á sýningunni sem bauð upp á mælingar.



Félag sjóntækjafræðinga kynnti störf sjóntækjafræðinga.




Gleraugnaverslunin Augað í samvinnu við gleraugnaframleiðandann Reykjavík Eyes kynnti það nýjasta í gleraugnaumgjörðum.



Lkl. Kópavogs bauð upp á blóðsykurmælingar meðan á sýningunni stóð.



Eitt af viðtölunum var við Eddu Ruth Hlín Waage sýningarstjóra.



Kynning var á starfsemi MedicAlert.



Blindravinnustofan kynnti framleiðsluvöru sína, þar á meðal hinar klassísku tágavöggur.



Þjónustu- og þekkingarmiðstöðin kynnti ýmis hjálpartæki sem blindir og sjónskertir nota í sínu daglega lífi. Einnig voru með þeim í för leiðsöguhundar fyrir blinda, þau Bono og Asita. En Lions á Íslandi, í samvinnu við Blindrafélagið, stóð einmitt fyrir söfnun til kaupa á leiðsöguhundum með Rauðu fjöðrinni árið 2008, og mun endurtaka þann leik vorið 2015.



Augsjúkdómar í nýfæddum og ungum börnum

Tækjabúnaður til raf-lífeðlisfræðilegra mælinga til að greina orsakir augnsjúkdóma í nýfæddum og ungum börnum.

Aldurstengdar breytingar á sjón

Sjónsviðsmælir af fullkonnustu gerð, sem gerir greiningu og mat hrörnunar-sjúkdóma, svo sem gláku og RP, öruggara og betra. Sama á við um greiningu ýmissa sjúkdóma í miðtaugakerfi.



Kvöldfagnaður á Hótel Sögu

Lionsfélagar hittust fjölmargir á Hótel Sögu í lok WSD dagsins okkar og fögnuðu saman árangri dagsins. 16 Lionsfélagar fengu Melvin Jones viðurkenningu þetta kvöld.



Tryggvi Kristjánsson fjölum-
dæmisstjóri ávarpar samkomuna.



Kristinn Hannesson Protocol-
stjóri kynnir kvöldsins.



Joe Preston alþjóðaforseti og Joni
eiginkona hans.



Pálmi Hannesson og
Guðmundur Ingólfsson.



Guðrún Björt Yngvadóttir fyrrverandi alþjóðastjórnarmaður þakkar fyrir
forsetaorðuna.



Fjöldi Lionsfélaga.



Sönghópur Lionsfélaga.



Sönghópur Lionsfélaga og hljómsveit.



Emblur með Joe Preston og Joni.



Joe Preston að syngja með Ívan Marin sem skemmti okkur með söng og
undirleik.



Kristín, Ingibjörg og Guðrún Helga.



Sönghópur lionsfélaga ásamt Joe Preston.



Félagar úr Lionsklúbbum Fold fjölmenntu og fagna Melvin Jones viðurkenningu Birnu Gunnlaugsdóttur félaga þeirra.

MJ verðlaunahafar



WSD hópurinn: Guðrún Björt Yngvadóttir, Kristín Þorfinnsdóttir, Edda R.H. Waage og Jón Pálmason.



Birna Gunnlaugsdóttir.



Bjarni Kristinsson.



Dagný Finnsdóttir.



Einar Þór Lárusson.



Grímur Leifsson.



Guðjón Kristínsson.



Gúsaf Guðmundsson.



Halldór Svavarsson.



Jóhannes Haukur Hauksson.



Nanna Bryndís Hilmarsdóttir.



Ólafur Ó. Thordersen.



Pálmí Hannesson.

Lkl. Eik



Kristín, Laufey og Benjamín.



Melvin Jones – félagar.

Á lokafundi síðasta starfsárs í maí s.l. Aheimsótti klúbbinn okkar þáverandi fjöllumdæmisstjóri, Benjamín Jósefsson, ásamt ritara sínum, Kristínu Þorfinnsdóttur. Erindi hans var að sæma einn féлага okkar, Laufeyju Jóhannsdóttur, Kjaransorðunni. Laufey hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir Lionshreyfinguna og má þar nefna að hún var fjöllumdæmisstjóri fyrst kvenna á Íslandi. - Á sama fundi fengu fjórir félagar Melvin Jones viðurkenningu og hafa þar með allir stofn-félagar fengið þá viðurkenningu. Síðan voru stjórnarskipti þar sem Nanna Guðrún Zoëga tók við formennsku af Auði Jóhannsdóttur.

Lokaþáttur ársins var vorferðin okkar. Farið var um Suðurland og stoppað á nokkrum mjög áhugaverðum stöðum þar sem við fengum að njóta íslenskrar framleiðslu. Sérlega skemmtileg og fræðandi ferð.

Nú er hafið nýtt starfsár og Eikarkonur tilbúnar til sinna verka eins og venjulega. Septemberfundurinn ómaði af gleði og tilhlökkun. Sjónverndardagur Lions var haldinn hátíðlegur þann 14. okt. s.l. Fór hann vel fram í alla staði og gaman að vera þar þátttakandi. Ánægjulegt var að sjá hvað margir félagar úr Lkl. Eik gátu mætt, eða þriðjungur klúbbsins, bæði í Hringisal LHS og á sýninguna í Ráðhúsi Reykjavíkur. Næsti fundur hjá Eik verður 21. Okt.

Samskipta- og fjölmiðlanefnd:
 Iðunn G. Gísladóttir
 Auður Jóhannsdóttir.



Eikarkonr á sýningunni í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Munið

OPIÐ HÚS

í Lionsheimilinu

milli kl.12:00-13:00

7. nóvember og 5. desember

Allir velkomnir.
Takið með ykkur gesti.

Kaffi og kleinur

~ frjáls framlög ~

Súpa og brauð kr. 500

Lionsheimilið Sóltúni 20, 105 Reykjavík, sími: 562-3200

Lkl. Fjörgyn – Stórtónleikar til styrktar BUGL í Grafarvogskirkju



Frá árinu 2003 hefur Lionsklúbburinn Fjörgyn staðið fyrir stórtónleikum til styrktar BUGL og hafa þeir ávallt verið haldnir í Grafarvogskirkju. Öll árin hafa tónleikarnir verið mjög vel sóttir og hefur mikill fjöldi af frábæru tónlistarfólki gert okkur þetta kleift með því að gefa alla sína vinnu og eiga þau mikinn heiður skilið fyrir það. Þetta er orðinn fastur sess í undirbúningi jólanna, ekki bara fyrir okkur Lionsmenn, heldur einnig fyrir margar fjölskyldur sem komið hafa ár eftir ár. Systurklúbbur Lkl. Fjörgynjar, Lkl. Fold hefur í gegnum árin aðstoðað okkur og séð um veitingasölu í hléi. Tónleikarnir hafa verið í um

þrjá tíma, frá klukkan 20:00 til 23:00 annan fimmtudag nóvembermánaðar ár hvert. Oft hefur þó verið erfitt að ljúka tónleikunum á réttum tíma vegna mikillar stemmningar en undanfarin ár hefur verið reynt að halda áætlun. Þann 13. nóvember er komið að þeim tölftu í röðinni og nú sem áður er stórkostlegt tónlistarfagfólk á ferðinni. Þar má nefna m.a. Ragga Bjarna, Friðrik Ómar, Matta og Jógvan, Voices Masculorum, Pál Rósinkranz og Margreti Eir, KK, Bergþór Pálsson, Gissur Pál, Reginu Ósk, Guðrúnu Gunnarsdóttur, Guðrúnu Árný Karlsdóttur, Kristján Jóhannsson og Karlaþór Reykjavíkur. Þetta er

tilvalið tækifæri fyrir alla meðlimi Lionsklúbba að sameinast ásamt fjölskyldum sínum og vinum á stórgóða tónleika fyrir lítinn pening, þar sem miðinn kostar aðeins 4000 krónur og þar með að styrkja gott málefni. Miðar á tónleikana eru seldir á bensínstöðvum Olís Álfheimum og Gullinbrú, og N1 Ártúnshöfða, Bíldshöfða og Gagnvegi. Einnig má nálgast miða á midi.is.

*Bestu Lionskæðjur
Gunnlaugur V Einarsson Lkl. Fjörgyn*

Fréttir frá Lionsklúbbsi Laugardals

Félögum í Lkl. Laugardals stóð til boða að koma ríðandi til fyrsta fundar í september. Fjórir tóku þeirri áskorun og má sjá þá á meðfylgjandi mynd.

Guðmundur Rafnar Valtýsson



Frá vinstri: Jóhann Gunnar Friðgeirsson formaður, Einar Ágústsson, Rúnar Gunnarsson ritari og Níels Bjarki Finsen.

Samfundur Lionskvemma í Snæfellsbæ



Skemmtinefnd Ránar dekkudu borð, elduðu mat og voru með skemmtiatriði, snillingar þessar.



Þernukona alveg með 'etta, eða þannig.

Sú hefð hefur skapast meðal kvemnaklúbbanna á Snæfellsnesi, Ránar í Ólafsvík, Hörpunnar í Stykkishólmi og Þernunnar á Hellissandi að hittast á samfundi á hverju hausti.

Tilgangur þessara funda er að kynnst starfi hinna klúbbanna og að sjálf sögðu kynnst hvor annari. Að þessu sinni kom það í hlut Ránar kvemma að bjóða til sín og mættu rúmlega 50 galvaskar konur á fundinn í þrýðis veðri til Ólafsvíkur því það er ekkert alltaf gott veður þegar þessi fundir hafa verið og hafa þeir stundum fallið niður eða ekki allar komist því ekki hefur verið fært á milli Snæfellsbæjar og Stykkishólms.

Í tilefni þess að það er bleikur október mánuður þá var þema fundsins bleikt og konur hvattar til að vera með eitthvað bleikt eða í einhverju bleiku og voru flestar með bleiku slaufuna.

Formenn klúbbanna Kristbjörg, Sólveig og Unnur sögðu frá starfi klúbbanna og Kolbrún svæðisstjóri var einnig með stutta tölu.

Eftir góðan mat þá tóku við skemmtinefndir klúbbanna og voru með hvert skemmtiatriði á fætur öðru og var ekki annað að sjá en að konur kynnu vel að meta það sem í boði var og sýnilegt að það er keppnissskap í lionskonum og þær greinilega óhræddar við að takast á við óvæntar aðstaður og sumar hreinlega bresta í söng hvar og hvenær sem er.

Lionskveðjur frá Ránarkonum.



Keppnislíð úr öllum klúbbum.



Lions-banka-bandið Sirrý, Olga og Harpa sungu eins og stórstjörnum einum er lagið.

Lionsfélagi mánaðarins

Nafn, aldur og starf:

Eiríkur Loftsson, 52ja ára ráðunautur í jarðrækt og fóðrun hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, www.rml.is

Nafn maka:

Stefanía Birna Jónsdóttir

Heimili:

Beingarður, Skagafirði

Ökutæki:

Kia Sorento

Klúbburinn minn:

Lionsklúbbur Sauðárkróks

Hver eru helstu viðfangsefni klúbbsins?

Klúbburinn fundar tvisvar í mánuði frá september og fram í maí. Fær oft gesti á fundina með fræðsluefni eða gamanmál eða þá að klúbbfélagar flytja slíkt efni sjálfir. Klúbburinn heldur í samstarfi við Lionsklúbbinn Björk árlega jólaball fyrir börn. Einnig halda klúbbarnir í Skagafirði, sem eru fjórir talsins sameiginlega árshátíð. Klúbburinn hefur stutt við verkefni af ýmsu tagi og félagasamtök. Oft hefur Heilbrigðisstofnunin á Sauðárkróki og starfsemi hennar verið ofarlega í huga klúbbfélaga.

Fjáröflun:

Stærstu fjáraflanir klúbbsins eru málun á bílastæðum á Sauðárkróki og perusala.

Sérkenni:

Í klúbbnum eru um 40 félagar sem gerir hann fremur fjölmennan.

Hvað er eftirminnilegast úr klúbbstarfinu? (Má vera neyðarlegt)

Það eru tvímælalaust vinnuverkefni klúbbfélaga s.s. málun bílastæða, undirbúningur skemmtiatriða fyrir árshátíðir og fleiri þess háttar verkefni sem reyna á sköpunargleði og samvinnu félaganna.

Fyrir hvað ertu stoltastur af að vera Lionsfélagi?

Að taka þátt í skemmtilegu og gefandi félagsstarfi. Félagsskap sem leggur sitthvað að mörkum í sínu nánasta umhverfi og líka á heimsvísu eins og Lionshreyfingin hefur gert t.a.m. varðandi sjónvernd og baráttuna gegn blindu.

Viltu breyta einhverju í klúbbnum?

Klúbbstarfið mætti að mínu viti breytast á þann veg að hefðbundnum fundum fækkaði en í staðinn kæmu verkefni af ýmsu tagi sem félagar ynnu í sameiningu, s.s. stutt nytsamleg námskeið.



Hvers vegna ert þú Lionsfélagi og hvað ertu búin að vera lengi Lionsfélagi?

Ég er búinn að vera félagi í klúbbnum í nærri 21 ár. Hef unað mér vel í góðum félagsskap. Tel mig hafa þroskast mikið í félagsstörfum á þessum tíma.

Hvað myndir þú gera ef þú værir einráður í klúbbnum?

Segja af mér og skipa nýja stjórn í minn stað og hindra þannig flóttu úr klúbbnum.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?

Án nokkurs vafa er það lambahryggur af hæfilega feitu lambi.

Hver eru áhugamálin hjá þér?

Íþróttir, einkum boltaíþróttir. Hef einnig gaman af ferðalögum og að skoða vígtarseðilinn eftir góða slátrun.

Hvað er gott við Skagafjörð ?

Svarið yrði mun styttra ef spurt væri hvað er ekki gott við Skagafjörð.

Taka Skagfirskir bændur auðveldlega tilsögn?

Almennt finnst mér það. Vona að þeim finnst það sama um mig.

Hver er munurinn á bændum í Skagafirði og í Uppsveitum Árnassýslu ?

Mér hefur nú þótt margt líkt með þessum sveitungum mínum. Söngur í hávegum hafður og áhugi fyrir hestamennsku bæði sunnan og norðan Hofsjökuls. Munurinn sá að Skagfirðingar áttu miklu fleiri hross og eiga enn enda hrossin orðspor þeirra og margir með stóð af hrossum. Lengi verið mjög öflugt starf í búfjárrækt hverskonar í Uppsveitunum og er svo enn. Á undanförunum árum hefur munur milli svæða minnkað og á báðum þessum svæðum er mikið af góðum og áhugasömum bændum.

Eitthvað að lokum?

Ég vil hvetja fólk sem langar til að taka þátt í gefandi félagsstarfi að prufa Lions.

Fréttir frá Lionsklúbbi Hveragerðis

Lionsklúbbur Hveragerðis er nú að hefja nýtt starfsár. Ný stjórn er tekin við, en í henni eru (f.v.) Ingi Tómas Guðjónsson gjaldkeri, Finnur Jóhannsson formaður og Kristján Á. Gunnarsson ritari.

Meðal verka starfsársins er útgáfa fréttabréfs sem dreift verður í öll íbúðarhús Hveragerðis, hausttónleikar þann 5. nóvember í Hveragerðiskirkju, jóladansleikur á Hótel Örk 26. desember, inntaka nýrra meðlima á nýju ári og fleira gott.

Hefur þú áhuga á að starfa með okkur að góðum málum í litla fallega bænum okkar og nágrenni hans? Ef svarið er jákvætt, þá verður fyrsti fundur starfsársins haldinn mánudagskvöldið 8. september kl. 19.30 á Hoflandsetrinu. Þú ert ávallt velkominn.

*Kær kveðja úr Hveragerði.
Vilmundur Kristjánsson*



Frá vinstri: Ingi Tómas Guðjónsson gjaldkeri, Finnur Jóhannsson formaður og Kristján Á. Gunnarsson ritari

Kristján Helgason heiðraður

Fréttir frá Lionsklúbbi Ólafsvíkur

Í menningarferð klúbbsins þann 4. október sl. var einn félagi heiðraður Kjaransorðunni. Kjaransorðan er æðsta viðurkenning Lionshreyfingarinnar á Íslandi. Sjá félagi sem hlaut þessa viðurkenningu var Kristján Helgason.

Kristján er einn af sex stofnfélögum Lionsklúbbs Ólafsvíkur sem enn eru starfandi í honum eða í þau rúm 40 ár sem hann hefur starfað. Á þeim tíma hefur Kristján verið formaður klúbbsins þrisvar sinnum og að auki hefur hann gegnt hinum ýmsum stjórnarstörfum í klúbbum. Samhliða störfum hans fyrir klúbbinn þá hefur Kristján sinnt ýmsum störfum fyrir Lionshreyfinguna, má þar meðal annars nefna starf svæðisstjóra, umdæmisstjóra, þingforseta, umdæmisritara ásamt mörgum öðrum embættum.

Kristján var gerður að Melvin Jones félagi 27. febrúar 2011. Er þetta æðsta viðurkenning Lionshreyfingarinnar og er veitt fyrir mikið og fórnfúst starf í þágu hennar.

Myndina tók: Pröstur Albertsson.

Vigfús Örn Gíslason



Eftirtaldir aðilar styrkja útgáfu þessa Lionsblaðs:
Eldhús sælkerans ehf, Lynghálsi 3 110 Reykjavík
Leikskólinn Undraland ehf, Hábraut 3 200 Kópavogi



Heimsókn Alþ. forseta Lions til Íslands, 13.-18. okt. 2014



Ofangreinda daga kom alþjóðaforseti Lions Joe Preston og kona hans Joni til Íslands. Mikilvægasti hluti ferðarinnar var að taka þátt í Alþjóða Sjónverndardegi Lions 2014 sem haldin var að þessu sinni 14. október á Íslandi. Annars staðar í blaðinu er umfjöllun um atburði dagsins. Sjónverndardagurinn heppnaðist mjög vel og getum við verið stolt af honum. Joe Preston var mjög ánægður með hvernig til tókst.

Auk Alþjóða Sjónverndardagsins heimsótti Joe Preston stofnanir og klúbba sem eru að vinna verkefni í anda Lions. Það er alltaf með stolti sem við sýnum alþjóðaforsetum starf Lions á Íslandi. Með í för alþjóðaforseta var kvikmyndateymi á vegum Lions. Voru kvikmyndað helstu atriði og munum við geta átt von á að sjá íslenskar klippur í framtíðinni í þeim myndböndum sem Lions gefur út. Auk þess var tekið viðtal við fjölda Lionsfólks.

Blindrafélagið

Skoðunarferð um Hús Blindrafélagsins, Blindravinnustofuna og Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta. Rætt við stjórn Blindrafélagsins og framkvæmdastjóra Blindrafélagsins Kristinn

Halldór Einarsson. Auk þess hitti forsetinn formann blindrafélagsins Bergvin Jónsson og féлага úr Lionsklúbbnum Perlunni sem halda fundi sína í húsi Blindrafélagsins.

Myndin hér að ofan er af hópnum sem hittist í húsi Blindra.

BUGL

Farið var í heimsókn á barna- og unglingageðdeild Landspítala BUGL. Húsnæðið skoðað, Alþjóðaforseti prufukeyrði Lionsbíllinn og rætt var um starfsemina við lækni, hjúkrunarfræðing, sálfræðing og fleiri starfsmenn. Félagar úr Lionsklúbbnum Fjörgyn tóku virkan þátt í heimsókninni. Lionsklúbburinn Fjörgyn hefur gefið tæki og búnað fyrir milljónir króna á BUGL á undanförunum árum. Ágóði af tónlistarskemmtun sem þeir hafa haldið undanfarin ár í Grafarvogskirkju hafa runnið til BUGL (sjá grein í blaðinu).

Heimsókn til Bessastaða

Eins og áður var vel tekið á móti alþjóðaforseta á Bessastöðum. Joe og Joni Preston ræddu við forseta Íslands, herra Ólaf Ragnar Grímsson um störf Lions á Íslandi og á alþjóðavísu.

Einnig fengu þau kynningu og skoðunarferð á Bessastöðum.

Slysavarnaskóli Sæbjörg

Heimsókn var í Sæbjörgu skip, Slysavarnaskóla sjómanna. Hilmar Snorrason skólustjóri sýndi skipið og skýrði starfsemina, en margir Lionsklúbbar styðja við skólann með tækja- og bóka- og ýmsum búnaði. Lionsklúbburinn Fold afhenti gjöf við þetta tækifæri.

Forsetatréð

Joe Preston gróðursetti tré í svokölluðum „Alþjóðaforsetalundi“ í landi Lionsklúbbsins Ásbjarnar í Hafnarfirði, en það er árlega hefð síðan 1998. Allir forsetar gróðursetja tré sem merkt er nafni hans og dagsættingu. Þessi hefð er ein af ástæðum þess að við fáum alltaf heimsókn alþjóðaforseta þó að hann geti aðeins heimsótt 40 þeirra rúmlega 200 landa sem í eru starfandi Lionsklúbbar.

Morgunsöngur

Laugarnesskóli var heimsóttur og hlustað á hinn fræga morgunsöng barnanna kl. 9:05. Kristinn Svavarsson aðstoðarskólustjóri, sýndi



Joe Preston leikur hér bílstjóra í Lionsleikriti sem tekið var upp á BUGL.



Herra Ólafur Ragnar Grímsson og Joe Preston alþjóðaforseti.



Fulltrúar 6 bekkjar Laugarnesskóla fá afhent bókamerki.



Alþjóðaförseti stýrir lyftu á Grensás, sem Lkl. Njörður hefur styrkt

skólann og kynnti starfsemina. Lionsklúbburinn Víðarr og Joe Preston gáfu 10 ára börum Bókamerki Lions, með ljóði eftir Þórarinn Eldjárn, en ljóðið minnr okkur á að bóklestur gerir okkur frjáls, ljær okkur vængi og opnar nýja heima.

Endurhæfingardeild Grensás

Skoðaður búnaður og tæki til þjálfunar og endurhæfingar, sem að verulegu leyti eru gjafir frá Lionsklúbbum Nirði. M.a var skoðuð sundlaugarlyfta fyrir fatlaða og prófaði alþjóðaförseti notkun hennar og lyfti sjúklingi ofan í laugina. Þessi lyfta ásamt fjölda annarra tækja hefur Lkl. Njörður gefið deildinni. Rætt var við lækna, hjúkrunarfræðinga og sjúkraþjálfara, auk féлага úr Lionsklúbbum Nirði.



Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra

Fundað var með Illuga Gunnarssyni mennta- og menningarmálaráðherra. Einkum var rætt um verkefni Lions á þessu sviði, en þau eru fjölmörg um land allt. T.d. Lions Quest, sem alþjóðleg stofnun metur gagnlegasta kennslu-efni í lífsleikni. Aðalurmæðuefnið var samt Lestraráttak Lions, sem er 10 ára verkefni frá 2012. Menntamálaráðherra hefur áhuga á samstarfi Lions um lestrarátak á Íslandi, er það mál komið í vinnslu.



Prótokolstjóri Kristinn Hannesson, til hægri leikur áhættuatriði.



Joe Preston búin að gróðursetja tréð sítt í Alþjóðaförsetalundinn.



Einnig skoðuðu þau Hörpu, en hjónin eru mjög áhugasöm um tónlist og myndlist.

Íslensk menning

Joe og Joni kynntu sér íslenska menningu, fóru meðal annars á Kjarvalsstaði, hittu Hafþór Yngvason safnstjóra sem leiddi þau um núverandi sýningu og gaf þeim listaverkabækur.

Fundur með forystu Lions og konum í Lions

Joe Preston átti fundi með forystumönnum Lions á Íslandi, þar sem hann hvatti þá til dáða.

Auk þess var haldin sérstakur fundur með konum í Lions, en markmiðið er að fjölga konum verulega í Lions fyrir 100 ára afmæli Alþjóðasamtakanna 2017. Rætt var um hvernig hægt er að hrinda því í framkvæmd.

Að lokum

Þau hjón eru einstaklega viðkunnanleg og gaman að kynnast þeim. Forustumenn Lions á Íslandi, sem voru með þeim í för þeir Tryggvi Kristjánsson fjölmúðemisstj., Einar Þórðarson umdæmisstj. 109A og Ingimundur G. Andrésson umdæmisstj. 109 B. Auk þess var Kristinn Hannesson prótokolstjóri með í för til að sjá um að allt færi rétt fram.

Að lokum voru hjónin Guðrún Björt Yngvadóttir og Jón Bjarni Þorsteinsson fv. alþjóðastjórnarfulltrúar sem sáu um skipulagningu heimsóknarinnar. Það er mikil vinna að skipuleggja svona heimsókn, sérstaklega núna þegar kvikmyndatökuliðið var með í för og var með margar sérþarfir.

Jón Pálmason



Stórtónleikar í Grafarvogskirkju 13. nóvember 2014, kl. 20:00



Lionsklúbburinn Fjörgyn stendur fyrir tónleikum til styrktar
Barna- og unglिंगageðdeild LSH og Líknarsjóði Fjörgynjar



Eftirtaldir listamenn koma fram og styrkja verkefnið:

Karлакór Reykjavíkur, stjórnandi Friðrik S. Kristinsson
Voces Masculorum

Bergþór Pálsson
Friðrik Ómar Hjörleifsson
Guðrún Gunnarsdóttir
Jógvan Hansen
Matthías Matthíasson
Margrét Eir
Regína Ósk Óskarsdóttir

Egill Ólafsson
Gissur Páll Gissurarson
Guðrún Árný Karlsdóttir
Kristján Jóhannsson
KK og Ellen
Páll Rósinkranz
Ragnar Bjarnason

Undirleikarar: Jónas Þórir
Matthías Stefánsson
Óskar Einarsson
Þorgeir Ástvaldsson

Atvarghugi Grafarvogskirkju eftir Laif Þracíjúlíus

Helena Sigrún Árný Steingrimsdóttir, LSH Fjörgyn



Kynnir: Gísli Einarsson



Lkl. Fold selur veitingar í hléi



Ágóði tónleikanna rennur til Barna- og unglिंगageðdeilda LSH og Líknarsjóðs Fjörgynjar.
Verð aðgöngumiða kr. 4.000. Miðasala til 12. nóvember á eftirtöldum stöðum:

